
MEINT FANGAFLUG
UMFERÐ TENGDRÁ LOFTFARA UM ÍSLAND

SAMANTEKT STARFSHÓPS
UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS



Utánríkisráðuneytið
9. nóvember 2007

EFNISYFIRLIT:

Inngangur.....	2
Vinna starfshóps utanríkisráðuneytisins.....	3
Lög og reglur um loftferðir, tollafgreiðsla og landamæraeftirlit.....	4
Ferðir tilgreindra loftfara um íslenska lofthelgi.....	10
Niðurstaða.....	11

VIÐAUKI

Samsettur heildarlisti um ferðir tilgreindra loftfara um íslenska lofthelgi

INNGANGUR

Allt frá árinu 2001 hafa fjölmiðlar og mannréttindasamtök fjallað um meint fangaflug ekki síst í gegnum lofthelgi aðildarríkja Evrópuráðsins og leynileg fangelsi leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA) í ríkjum þar sem fangar kunni að sæta pyntingum og annarri vanvirðandi meðferð.

Ísland hefur ekki farið varhluta af umræðunni og hafa fyrri utanríkisráðherrar svarað fjölmörgum fyrirspurnum á Alþingi hvað Ísland varðar. Sú alþjóðastofnun sem hvað mest hefur fjallað um málið er Evrópuráðið og þá sérstaklega þing Evrópuráðsins.

Helstu framlög Evrópuráðsins til opinnar umræðu um fangaflug eru:

- (1) Skýrslur framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, Terry Davis, sem byggðar eru á upplýsingum frá aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- (2) Áfangaskýrslur sérstaks skýrslugjafa laga- og mannréttindanefndar Evrópuþingsins, svissneska þingmannsins Dick Marty, um flutning og tímabundna fangelsun einstaklinga í ríkjum Evrópu án aðkomu dómstóla.

Skýrslugjafinn kynnti aðra áfangaskýrslu sína á þingi Evrópuráðsins þann 27. júní 2007 og samþykkti þingið í kjölfarið ályktun þar sem tekið er undir helstu niðurstöður skýrslunnar.

Utanríkisráðherra ákvað þann 27. júní 2007, með hliðsjón af innihaldi fyrrnefndar skýrslu skýrslugjafa Evrópuþingsins, að lendingar ákveðinna loftfara á Keflavíkurflugvelli og/eða Reykjavíkurflugvelli yrðu teknar til nánari skoðunar.

Í framhaldi var stofnaður starfshópur utanríkisráðuneytisins sem var falið að takast á hendur skoðun á staðhæfingum um að loftför sem grunur leikur á að hafi verið notuð í meintu fangaflugi á vegum bandarísku leyniþjónustunnar hafi lent á Keflavíkurflugvelli og/eða Reykjavíkurflugvelli.

VINNA STARFSHÓPS UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS

Vinna starfshópsins miðaði að því að varpa ljósi á staðreyndir málsins og byggir samantektin á upplýsingum frá Flugstoðum ohf., Flugmálastjórn Íslands, Flugmálastjórninni á Keflavíkurflugvelli, eftirlitsdeild embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Tollstjóranum í Reykjavík, lögreglu- og tollstjóraembættinu á Suðurnesjum og samgönguráðuneytinu.

Starfshópurinn, í samvinnu við ofangreinda aðila, fór yfir þann lagaramma sem starfað er eftir við afgreiðslu og eftirlit loftfara sem fara um Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurflugvöll, þ.e. lög og reglur um loftferðir, tollafgreiðslu og landamæraeftirlit.

Starfshópurinn óskaði upplýsinga frá flugmálayfirvöldum varðandi för tiltekinna loftfara um íslenska lofthelgi og/eða landingar á Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli á tímabilinu september 2001 til og með júlí 2007. Listi yfir skráningarnúmer loftfara sem utanríkisráðuneytið sendi flugmálayfirvöldum var samsettur úr upplýsingum frá skýrslugjafa laga- og mannéttindanefndar Evrópuþingsins, frá Íslandsdeild Amnesty International og úr umfjöllun fjölmiðla. Óskað var upplýsinga um allar ferðir umræddra loftfara til og frá Keflavíkurflugvelli/Reykjavíkurflugvelli og um íslenska lofthelgi. Hér er átt við upplýsingar um dag- og tímasetningar, upprunaland, áfangastað, skráningarupplýsingar, farm- og farþegaupplýsingar auk annarra tiltækra upplýsinga.

Einnig var horft til úttektar breskra stjórnvalda¹ á umferð loftfara er kunna að tengjast meintu fangaflugi um þarlenda flugvelli og lofthelgi, en í mörgum tilfellum fóru loftför sem athugun íslenska starfshópsins náði til um breska flugvelli eða flugstjórnarsvæði á leið til eða frá Íslandi.

¹ Intelligence and Security Committee report on Rendition, júlí 2007.

LÖG OG REGLUR UM LOFTFERÐIR, TOLLAFGREIÐSLA OG LANDAMÆRAEFTIRLIT

Með vísan til 1. greinar laga nr. 106 frá 17. desember 1954, fer utanríkisráðherra með yfirstjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli og Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli í hans umboði. Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli² annast stjórnun, rekstur og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar og aðflugsþjónustu fyrir Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurflugvöll.

Lög voru samþykkt á Alþingi árið 2006 sem breyttu skipan flugmála á Íslandi³. Flugmálastjórn Íslands var skipt upp með það að markmiði að aðskilja rekstur og þjónustu frá stjórnslu og eftirliti. Hlutafélagið Flugstoðir ohf. tók til starfa 1. janúar 2007 og tók við rekstri annarra flugvallar en Keflavíkurflugvallar af Flugmálastjórn Íslands og flugleiðsögu- og flugumferðarþjónustu á íslenska flugstjórnarsvæðinu⁴. Flugmálastjórn Íslands annast eftirlit með framkvæmd flugverndar og flugöryggis á Keflavíkurflugvelli.

Með vísan til Chicago samningsins svonefnda (Alþjóðasamþykkt um flugmál undirrituð í Chicago þann 7. desember 1944) er greint á milli *borgaralegs flugs* (*hér eftir almenningsflug*) og *ríkisflugs*. Undir ríkisflug er talið falla flug hers, lögreglu, tollgæslu og landmæra/landhelgisgæslu, sbr. b-liður 3. gr. samningsins auk annars flugs sem eftir atvikum getur talist ríkisflug⁵. Aðildarríki Chicago samningsins eru í dag 190.

Almenningsflug

Reglur um almenningsflug um nær allan heim grundvallast á Chicago samningnum og viðaukum hans eða á loftferðarsamningum⁶, en ákvæði Chicago samningsins taka til almenningsflugs eingöngu. Í 1. gr. Chicago samningsins er kveðið á um að hvert ríki fari með full og óskoruð yfirráð yfir loftinu sem er yfir því. Í því felst ríkisyfirráðaréttur, þ.e. réttur til að setja lög og framfylgja þeim. Samkvæmt Chicago samningnum eiga loftför skráð í aðildarríkjum hans rétt til *óreglubundins flugs* (*non-scheduled flights*) um lofthelgi annarra aðildarríkja, þ.e. flug um lofthelgi þess og viðkomu án viðskipta⁷. Undir óreglubundið flug fellur flug til flutnings á farþegum, pósti og vörum gegn gjaldi sem ekki er liður í reglubundnu áætlunarflugi. Leiguflug, þjónustu- og kennsluflug teljast óreglubundið flug.

Samkvæmt reglugerð um millilandaflug um íslenska lofthelgi nr. 904/2005 gildir sú regla að loftför sem skráð eru í aðildarríki að Chicago samningnum og ætla að standa fyrir *óreglubundnu flugi* og *einkaflugi* (*General aviation*) er heimilt að fljúga inn í íslenska lofthelgi eða hafa þar viðkomu án viðskipta án þess að þeim sé nauðsynlegt að fá til þess sérstakt leyfi. Að sama skapi er erlendum

² Sjá lög um Flugmálastjórnina á Keflavíkurflugvelli nr. 34/2006.

³ Sjá lög um Flugmálastjórn Íslands nr. 100/2006 og lög 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og rekstur flugvallar á Íslandi fyrir utan Keflavíkurflugvöll. Við þessa breytingu tóku Flugstoðir ohf. við rekstri flugvallar og landingarstaða sem Flugmálastjórn Íslands hafði áður rekið og eru nú undir eftirliti Flugmálastjórnar Íslands.

⁴ Íslenska flugupplýsingasvæðið nær frá 61° norður til og upp eftir 00° lengdar að 73° norður og vestur að Grænlandsströnd. Flugstoðir ohf. annast einnig flugupplýsingaþjónustu yfir stærstum hluta Grænlands í fluglagi 200 og ofar (um 20.000 fetum) samkvæmt samningi Íslands og Danmerkur. Svæðið er því eitt hið stærsta í heiminum.

⁵ Undir ríkisflug gæti t.a.m. fallið flug með þjóðhöfðingja, ríkisstjórn o.s.frv.

⁶ Ísland hefur gert loftferðasamninga við eftirfarandi ríki (samningar í gildi): Bandaríkin, Bretland, Danmörku, Finnland, Holland, Írland, Kanada, Kína (Hong Kong, Macau), Króatíu, Lúxemborg, Malasíu, Mongólíu, Noreg, Rússland, Spán, Svíþjóð, Taíland og Þýskaland. Sérstakt samkomulag við Kanada var gert vegna flugs Icelandair til Kanada og fellur það niður við undirritun loftferðasamnings ríkjanna.

⁷ Viðkoma án viðskipta þegar loftfar hvorki tekur né skilur eftir farþega, póst eða vörur.

loftförum sem skráð eru í ríkjum sem ekki eru aðilar að Chicago samningnum og ætla að standa fyrir óreglubundnu flugi og einkaflugi ekki heimilt að fljúga inn í íslenska lofthelgi eða hafa þar viðkomu án viðskipta nema hafa til þess leyfi. Flugmálastjórn Íslands annast útgáfu leyfa samkvæmt reglugerðinni.

Samkvæmt alþjóðlegum samningi sem Ísland á aðild að um viðkomuréttindi loftfara⁸, hafa loftför í reglubundnu áætlunarflugi sem skráð eru í aðildarríki að samningnum rétt til yfirflugs og viðkomu án viðskipta. Aðildarríki að samningnum eru í dag 125. Aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) veitir ennfremur öllum flugrekendum með útgefið flugrekstrarleyfi innan aðildarríkjanna fullt frelsi til yfirflugs og viðkomu um íslenskt yfirráðasvæði.

Loftför skráð í aðildarríkjum að Chicago samningnum, alþjóðlega samningnum um viðkomuréttindi loftfara eða tilnefnd samkvæmt loftferðasamningi Íslands við hið erlenda ríki þar sem viðkomandi flugrekandi er með útgefið flugrekstrarleyfi, þurfa því ekki sérstök leyfi til að fljúga um lofthelgi ríkja í friðsamlegum tilgangi og hafa þar viðkomu án viðskipta með farþega, þar með talið fanga. Sama á við um loftför sem starfrækt eru af flugrekendum innan EES og EFTA. Erlend borgaraleg loftför hafa samkvæmt þessu viðtæka heimild til flugs um íslenska lofthelgi. Ekki er í dag krafist upplýsinga um farþega einkaloftfara sem fara um íslenska lofthelgi eða millilenda á íslenskum flugvöllum. Þess má geta að 1.500–2.000 einkaloftför fara um Keflavíkurlflugvöll á ári hverju og sæta þar hefðbundinni afgreiðslu og eftir atvikum tollskoðun eða landamæraeftirliti.

Flugvallarverðir Flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurlflugvelli hafa eftirlit með umferð almenningsflugs og sjá til þess að lögum, reglugerðum og reglum flugvallarins er lúta að þessari umferð sé framfylgt. Öðru hverju eru höfð afskipti af áhöfnum og farþegum þessara véla þegar reglur eru ekki virtar. Þá hefur flugöryggissviði Flugmálastjórnar Íslands verið gert viðvart þegar talið er að lofthæfi eða skjöl loftfara séu í ólagi. Óalgengt er að flugvallaverðir fari um borð í loftför þessi enda snúa eftirlitsþættir stofnunarinnar ekki beint að þess konar eftirliti. Má segja í stuttu máli að aðalverkefnið séu fyrirbyggjandi aðgerðir og sjá til þess að ekkert komi upp á sem truflað geti flugsamgöngur.

Flugmálastjórn Íslands annast eftirlit með öryggi loftfara frá þriðju ríkjum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 752/2007. Reglugerðin er innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins (ESB) nr. 2004/36 og reglugerðar nr. 768/2006 um eftirlit með öryggi loftfara frá þriðju ríkjum. Samtök flugmálastjórna í Evrópu, ECAC settu árið 1998 á laggirnar svonefnda SAFA-áætlun (*Safety assessment of foreign aircraft*). Í henni fólst að flugmálastjórnir samtakanna sammæltust um að gera skoðun á flughlaði (ramp inspection) á flugrekendum sem áttu viðkomu í ríkjunum til að athuga hvort loftfarið og áhöfn fullnægðu lágmarkskröfum samkvæmt viðaukum við Chicago samninginn sem hefur að geyma lágmarksreglur og viðmið um flugöryggi. Áætlunin náði bæði til flugrekenda innan ECAC og utan þess. Flugmálastjórn Íslands hefur tekið þátt í SAFA-áætluninni frá upphafi. Flugöryggissamtökum Evrópu, JAA var falin samhæfing meðal aðildarríkja og rekstur gagnagrunns sem geymir allar úttektarskýrslur sem gerðar eru meðal flugmálastjórna ríkjanna en Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA hefur nú tekið við því verkefni.

⁸ Sjá augl. nr. 45/1947 um staðfestingu flugsamninga.

Ríkisloftför

Um *ríkisloftför* gildir almennt, með vísan til c-liðar 3. gr. Chicago samningsins, að sækja ber um yfirflugs- og landingarleyfi. Í umsóknum um yfirflugs- og landingarleyfi ber að greina frá ef hergögn eða hættulegur varningur er um borð en ekki er skylt að veita upplýsingar um farþega.

Samkvæmt tilskipun um aðgang herskipa og *herloftfara* erlendra ríkja er ekki eiga í ófriði að íslensku forráðasviði, nr. 44/1939 er erlendum herloftförum óheimilt að koma á íslenskt forráðasvið nema samkvæmt áður fengnu leyfi opinbera boðleið. Tæmandi taldar undantekningar eru í tilskipuninni á umræddu banni. Þ.e. loftfar sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinbera fulltrúa hans, svo og þau loftför er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú, loftfar sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, er það dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi og loftfar sem er í háaska statt. Telja má þó að venja hafi skapast á þessu sviði þar sem í flestum tilvikum er sótt um leyfi fyrirfram fyrir komu erlendra hervéla hingað til lands (yfirflugs og landingar). Annast utanríkisráðuneytið afgreiðslu slíka umsókna og tilkynnir um afgreiðslu þeirra til Flugmálastjórnar Íslands og Flugstoða ohf.

Flutningur hættulegs varnings og hergagna

Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra eða þess sem hann felur leyfisveitinguna samkvæmt reglum þar um, samkvæmt 78. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir. Þetta bann tekur þó ekki til loftfara Landhelgisgæslunnar og íslenskra lögregluyfirvalda. Í reglugerð um flutning hergagna með loftförum nr. 937/2005 er nánar greint frá því hvað fellur undir skilgreiningu hergagna og er Flugmálastjórn Íslands falin framkvæmd reglugerðarinnar.

Reglugerð um flutning hættulegs varnings flugleiðis nr. 322/1990 er innleiðing 18. viðauka Chicago samningsins. Reglugerðin tekur til loftfara sem skráð eru á Íslandi og erlendra loftfara sem hér eiga viðkomu eða fljúga um íslenska lofthelgi. Í hnotskurn fjallar reglugerðin um meðhöndlun, ábyrgð og frágang hættulegs varnings sem fluttur er með loftförum. Flugmálastjórn Íslands fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar.

Flugvernd

Í lögum um loftferðir nr. 60/1998, er að finna heimildir (gr.70.) um fyrirbyggjandi aðgerðir og kröfur um að framkvæma þjóðréttarlegar skuldbindingar á sviði flugverndar. Nánari kröfu um framkvæmd flugverndar er að finna í reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.

Í VIII kafla sömu laga er að finna heimildir til að skipa loftfari að lenda til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi. Þá er í sama kafla að finna heimild flugmálastjórnar, tollgæslu og lögreglu til að rannsaka loftfar og sannreyna þau skjöl sem loftfar og flugverjar skulu hafa meðferðis.

Tollafgreiðsla og landamæraeftirlit

Heimildir tollgæslunnar til eftirlits á flugvöllum eru víðtækar og byggjast á tollalögum nr. 88/2005. Tollgæslan hefur skýran rétt til tolleitar á tollsvæði ríkisins, en ytri mörk þess eru 12 mílna landhelgin, sbr. 2. gr fyrrgreindra laga. Í 155. gr. tollalaga segir; „Tollgæslu er heimilt að leita alls staðar í förum sem eru á tollsvæði ríkisins“.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu- og tollstjóraembættinu á Suðurnesjum eru loftför sem koma til Keflavíkurflugvallar almennt séð ekki tollafgreidd. Tollgæslan heldur uppi óreglubundnu eftirliti á flugsvæðinu og beitir úrtakseftirliti með farþegum og í loftförum ef ástæða þykir til. Tollafgreiðsla með farþegum og farangri þeirra fer fyrst og fremst fram við útgang af frísvæði flugstöðvarinnar.

Á Reykjavíkurflugvelli eru komur farþegalöftfara, einkalöftfara og löftfara sem hafa viðkomu einungis til eldsneytistöku tíðar. Samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóranum í Reykjavík eru öll löftför sem koma erlendis frá og lenda á Reykjavíkurflugvelli háð tolleftirliti og hljóta tollafgreiðslu þó að þau hafi aðeins viðkomu vegna eldsneytistöku. Flugstöðir ohf. tilkynna Tollgæslunni í Reykjavík um væntanlegar komur allra erlendra löftfara til Reykjavíkur. Tveir tollverðir af skipavakt Tollgæslunnar í Reykjavík mæta til tollafgreiðslu á hverju einasta löftfari sem lendir á Reykjavíkurflugvelli, óháð því á hvaða tíma sólarhrings það lendir. Tolleftirlit getur samt sem áður verið framkvæmt með mismunandi hætti og er það metið hverju sinni hversu ítarlegt það skal vera. Löftförin fá þó öll pappírlega tollafgreiðslu þ.e. tollverðir mæta á staðinn og fylla út komuskýrslu (general declaration) með flugmanni löftfarsins. Upplýsingar um ferðir löftfarsins eru skráðar á komuskýrsluna, hvaðan það er upphaflega að koma, hvar það lenti á leið sinni til Reykjavíkur, hver er næsti viðkomustaður og hver er endanlegur áfangastaður. Á komuskýrslunni er áhöfn löftfarsins einnig gefinn kostur á að framvísa tollskyldum varningi.

Landamæraeftirlit byggir á lögum nr. 96/2002 og reglugerð nr. 53/2003⁹. Um framkvæmd eftirlitsins er kveðið á í 4. gr. laganna sem og 3. og 4. gr. reglugerðarinnar. Um afnám eftirlits á innri landamærum svo og skyldur aðildarríkjanna er fjallað um í II bálki Schengen samningsins. Nánari útlistun um framkvæmd landamæraeftirlits er varðar flugumferð er að finna í Sameiginlegu handbókinni (Common Manual) í lið 3.3. Upp úr nefndu regluverki hefur Lögreglustjórnin á Suðurnesjum skrifað verklagsreglur varðandi framkvæmd landamæraeftirlitsins.

Umræddar verklagsreglur gera ráð fyrir að landamæraeftirlit fari fram þegar löftfar fer inn á eða út af Schengensvæðinu. Landamæraeftirlit fer ekki fram þegar löftfar kemur frá ríki utan Schengen og hefur viðkomu á Keflavíkurflugvelli (enginn af enginn á) til að taka eldsneyti og heldur síðan áfram för til ríkis utan Schengen. Sömuleiðis er ekki haldið uppi eftirliti með löftförum sem eru á ferð innan Schengensvæðisins. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu- og tollstjóraembættinu á Suðurnesjum hafa á undanförunum árum komið upp tilvik þar sem ekki hefur verið unnt að fara eftir verklagsreglum um landamæraeftirlit með „einkalöftförum“ þar sem að á ákveðnum tímum dags er umferð um Keflavíkurflugvöll og fjöldi verkefna mikill og í sumum tilvikum ekki hægt að sinna öllum verkefnum og þar með talið eftirliti með komu og brottför einkalöftfara.

⁹ Í lögum um útlendinga (54 gr. 96/2002), reglugerð um útlendinga (gr. 6 og gr. 108 53/2003), tollalögum (30 gr. 88/2005) er kveðið á um skyldur stjórnanda löftfars sem kemur frá útlöndum eða fer til útlanda að láta í té ská yfir farþega og áhöfn. Nánar er kveðið á um framkvæmd á sjálfvirkri afhendingu farþegalista í reglum Ríkislögreglustjóra frá 6. júlí 2006.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu- og tollstjóraembættinu á Suðurnesjum hefur verið skipaður vinnuhópur innan embættisins sem ætlað er að koma með tillögur um það sem betur má fara við framkvæmd toll- landamæra- og lögreglueftirlits á flugsvæðinu. Vinnuhópurinn hefur skilað af sér tillögum og eru þær nú til skoðunar en þær gera meðal annars ráð fyrir mun nákvæmara eftirliti en nú er.

Reglugerð Evrópusambandsins nr. 562/2006 frá 15. mars 2006 fjallar um för yfir ytri landamæri ESB og Schengen ríkja. Mun þessi reglugerð ásamt sameiginlegri handbók leysa af hólmi „Common Manual“. Umrædd reglugerð hefur ekki verið innleidd inn í íslenska löggjöf. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu- og tollstjóraembættinu á Suðurnesjum er unnið að nýrri reglugerð hvað það varðar í dómsmálaráðuneytinu. Eftir því sem næst verður komist verða ekki miklar breytingar á framkvæmd við sjálft landamæraeftirlitið við innleiðingu á þeirri reglugerð.

Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsdeild embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH) fer landamæraeftirlit fram við hverja komu loftfars í millilandaflugi til Reykjavíkurflugvallar. Ef loftfar er á ferð inn eða út af Schengensvæðinu um Ísland þá fer fram svokallað fullt eftirlit, þ.e. vegabréfaeftirlit við komu og brottför eftir því sem við á. Ef loftfar er á ferð innan Schengensvæðins er framkvæmt svokallað lágmarkseftirlit eða persónueftirlit á landamærum. Er loftfar lendir þá fara eftir atvikum annað hvort lögreglumaður eða tollvörður um borð í loftfar, oft báðir. Lögreglumaður kannar hvort fjölda farþega ber saman við fyrirfram sendar upplýsingar og séu þeir fleiri/færri er gengið úr skugga um hverju sæti og hvaða aðila skortur upplýsinga varði. Sama á við um áhafnir loftfara.

Aukið eftirlit

Samkvæmt upplýsingum Flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur eftirlit með almannaflugi á þeirra vegum stigaukist frá árinu 2003. Flugvallarvörðum voru gefin fyrirmæli um að halda uppi skilvirkara eftirliti með flugi þessu og reglunni um að öll loftför sem fara um borgaralegt flugsvæði Keflavíkurflugvallar skuli hafa afgreiðsluaðila var framfylgt í þaula.

Í byrjun árs 2004 var vopnaleitarbúnaði komið fyrir á fyrstu hæð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (FLE), innan haftasvæðis flugverndar, þar sem farþegar og áhafnir nefndra loftfara sættu öryggisleit áður en þeim var heimilað að halda inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðisins í FLE. Áður hafði öllum áhöfnum og farþegum þessara véla verið heimilað að halda inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðisins án eftirlits. Þann 4. júlí 2006 var skoðunarstöð með fimm leitarreinum komið fyrir á annari hæð suðurbyggingar í FLE fyrir framan landamæraskoðunina og á sama tíma var skoðunarstöð með tveimur leitarreinum komið fyrir í sömu álmu á fyrstu hæðinni. Eldri skoðunarstöð sem fyrr er getið um var lögð af á sama tíma. Allir farþegar ásamt flugverjum sem koma frá ríkjum utan ESB, EES og Sviss, sæta leit í stöðinni áður en kemur til blöndunar við aðra farþega eða starfsfólk.

Þann 24. júní 2004 setti Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli reglur um almannaflug sem hefur viðkomu eða upprunastað á Keflavíkurflugvelli¹⁰. Voru reglur þessar sendar öllum afgreiðsluaðilum á svæðinu, Flugstöð Leifs Eiríkssonar h.f. og embætti Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli (nú Lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum). Öryggissvið Flugmálastjórnarinnar Keflavíkurflugvelli hefur eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

¹⁰ Keflavíkurflugvöllur 24. júní 2004, Flugvallarstjórinn Keflavíkurflugvelli. *Reglur þessar eru settar með tilvísan til viðauka 17, flugvernd (Annex 17, Security, viðauka 9, flugvallarvirkt (Annex 9, Facilitation), við Chicago samninginn, skjal 30 (Document 30, Security), við samþykkt Evrópusambands Flugmálastjórna og Reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.*

Reglur um almannaflyg sem hefur viðkomu eða upprunastað á Keflavíkurflugvelli

1. Áður en loftfar í almannaflygi hefur viðkomu á Keflavíkurflugvelli skal afgreiðsluaðili færa eftirfarandi upplýsingar inn í flugupplýsingarkerfið.
 - Hvaðan kemur loftfarið
 - Hvert er loftfarið að fara
 - Tegund loftfars
 - Tegund flugs (farþega- eða fragtflug)
 - Farþegafjöldi og farþega sem fara af loftfarinu við komu til Keflavíkurflugvallar
 - Skráningarland og einkennisstafi loftfars

Við komu skal afgreiðsluaðili kanna hvort dýr séu um borð og tilkynna til tollgæslu ef svo er.

2. Afgreiðsluaðili skal ávallt fylgja áhöfn og farþegum loftfarsins þegar þeir ferðast til og frá loftfari og koma í veg fyrir að þeir blandist farþegum sem áður hafa farið í gegnum vopnaleyti.
3. Áhöfn og eða farþegar loftfars skulu ávallt fara í gegnum vopnaleyti áður en þeir fara inn á haftasvæði flugverndar (í dag inn á áningarsvæði eða um borð í loftför í atvinnuflygi).
4. Áhöfn og eða farþegar loftfars með upprunastað á Keflavíkurflugvelli skulu ávallt fara í gegnum vopnaleyti í samræmi við gildandi reglur um atvinnuflyg.
5. Áhöfn og eða farþegar loftfars sem afgreiddir eru í byggingu Suðurflygs þurfa ekki að fara í gegnum vopnaleyti áður en þeir fara inn í bygginguna svo fremri að þar séu ekki fyrir áhöfn og eða farþegar sem hafa áður farið í gegnum vopnaleyti.

Í byrjun ársins 2005 urðu breytingar á aðgangsstjórnun inn á borgarleg flugsvæði í þá veru að breytingar voru gerðar á legu innri girðingar og ný varðstöð var virkjuð þar sem fylgst var með ferðum inn á svæðið (girðingin var færð til og umferðarsvæði loftfara einangrað betur). Eftirlit um hina eldri varðstöð sem gengið hefur undir nafninu þjónustuhlið hafði reynst erfitt, enda umferð þar um töluverð. Torvelt hafði reynst að stemma stigu við umferðinni þar sem um var að ræða aðila sem höfðu lögmat erindi að hinum ýmsu byggingum á svæðinu. Í lok maí 2005 voru ráðnir tveir flugvallarverðir til viðbótar til að auka enn frekar eftirlit á flugþjónustusvæðinu. Áður hafði verið skert eftirlit að næturlagi. Við brotthvarf varnarliðsins voru ráðnir 6 flugvallarverðir til viðbótar þeim sem getið er um að ofan til að sinna eftirliti á eystri flugsvæðum þar sem varnarliðið hafði áður starfssemi sína og í nýrri varðstöð sem opnuð var.

Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsdeild embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hefur flugstöð Flugfélags Íslands efnislega verið skilgreind sem haftasvæði við komu og brottför áætlunar- og leiguloftfara í farþegaflutningi í millilandaflugi frá því síðla árs 2001. Áherslubreytingar hafa orðið samhliða auknum öryggiskröfum Keflavíkurflugvallar. Frá árinu 2004 hafa bæði farþegar og áhafnir undirgengist öryggiseftirlit við brottför loftfara í millilandaflugi. Þar sem um blandaða notkun flugstöðvar er að ræða er brottfararsal lokað með hæfilegum fyrirvara, hann vandlega leitaður að utanaðkomandi hlutum og þess vandlega gætt að áhafnir og farþegar, sem undirgengist hafa öryggiseftirlit, blandist ekki öðrum sem ekki hafa undirgengist slíkt eftirlit. Landamæraeftirlit fer fram á sama hátt, eftir því hvort um flug innan eða utan Schengensvæðis er að ræða.

FERÐIR TILGREINDRA LOFTFARA UM ÍSLENSKA LOFTHELGI

Svör við fyrirspurn starfshópsins bárust frá flugmálayfirvöldum (Flugstoðum ohf. og Flugmálastjórninni á Keflavíkflugvelli) innan umbeðinna tímamarka. Gögnin voru unnin til þess að fyrir lægi samsettur heildarlisti yfir komur og brottfarir allra loftfara með þau skráningarnúmer sem athuginin náði til frá september 2001 til og með júlí 2007.

Þar sem um ræðir óreglubundin flug liggja ekki fyrir í gögnum flugmálayfirvalda héraendis upplýsingar um farm eða fjölda og eðli farþega, né eigendaskráningu. Í þeim lista sem fylgir sem viðhengi með samantekt þessari er því að finna samanteknar upplýsingar um komur og brottfarir umræddra loftfara auk flugs um flugumsjónarsvæði Íslands. Í einhverjum tilfellum reyndust ekki til staðar mótbókanir við komu eða brottför ákveðinna loftfara og sagði fulltrúi Flugstoða ohf. það tengjast flugi sem fer um breskt flugstjórnarsvæði á leið til eða frá landinu. Þar sem um slíkt ræðir geti gögn verið send til flugumsjónarmiðstöðva þar en séu ekki varðveitt í gagnabönkum héraendis. Slíkt gefi þó ekki með nokkrum hætti sérstakt tilefni til þess að ætla að um óhefðbundið flug hafi verið að ræða.

Þess ber að geta að þó að umrædd loftför hafi í fjölmörgum tilfellum haft viðkomu á Íslandi eru ekki forsendur til þess að ætla með óyggjandi hætti að sú umferð hafi á nokkurn hátt tengst ólögætu athæfi.

NIÐURSTAÐA

Starfshópnum var gert að kanna og gera yfirlit yfir umferð loftfara er kunna að tengjast meintu fangaflugi um íslenska lofthelgi. Í þeirri vinnu fólst ekki viðleitni til þess að staðfesta eða kanna frekar hvort um ólögmæta fangaflutninga um íslenskt yfirráðasvæði hafi verið að ræða. Slík rannsókn væri bæði tímafrek og flókin í framkvæmd og ljóst er að væri hún framkvæmd einhliða myndi slík rannsókn ekki leiða til óyggjandi niðurstaðna. Ef ólögmætur flutningur fanga hefur átt sér stað um Ísland með umræddum loftförum, eða öðrum, þá er vart mögulegt að sannreyna slíkt eftir á nema með fullri samvinnu þeirra sem að slíku flugi stóðu.

Fyrirnefnt yfirlit staðfestir að loftför sem kunna að tengjast meintu fangaflugi leynipjónustu Bandaríkjanna, hafa haft viðkomu á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli auk þess að hafa farið um íslenska lofthelgi á því tímabili sem könnunin náði til, frá september 2001 til loka júlí 2007.

Utanríkisráðuneytinu er ekki kunnugt um ferðir loftfara um íslenska lofthelgi, Keflavíkurflugvöll eða Reykjavíkurflugvöll, með fanga eða meinta hryðjuverkamenn sem hvorki njóta verndar né meðhöndlunar samkvæmt alþjóðasáttmálum. Ekki hefur verið sótt um yfirflugs- eða landingarleyfi fyrir slík loftför. Ástæða er til að benda á að það er ekki brot á alþjóðalögum að flytja fanga á milli staða og á slíkur flutningur sér án efa oft stað af hálfu erlendra aðila í gegnum lofthelgi Íslands sem og annarra ríkja. Öðru máli gildi ef loftför færu um íslenska lofthelgi eða flugvelli með fanga til pyntinga eða annarrar ómannlegrar meðferðar sem bönnuð er samkvæmt alþjóðasamningum. Ljóst má vera að flutningar á föngum um lofthelgi Íslands sem ekki samræmast alþjóðalögum og skuldbindingum Íslands, væru í óþökk íslenskra stjórnvalda¹¹. Íslenskum stjórnvöldum er ekki kunnugt um að slíkt hafi gerst og myndu aldrei samþykkja slíkt flug.

Utanríkisráðuneytið hefur svarað með fullnægjandi hætti öllum beiðnum um upplýsingar m.a. beiðni framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til aðildarríkja Evrópuráðsins sem barst með bréfi dags. 21. nóvember 2005 þar sem óskað var eftir upplýsingum frá stjórnvöldum vegna meints fangaflugs um lofthelgi Evrópuríkja og frelsissviptinga, á grundvelli 52.gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

¹¹ Sjá 68. grein stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, þar sem kveðið er á um bann við pyntingum og annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Sjá einnig 6. gr. 9 tölul. Almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar segir að refsað skuli skv. íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi, sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984 (Convention against Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, CAT – sjá m.a. greinar 2 til 5). Mál samkvæmt þessum tölulíð skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra. Þá má nefna Genfarsamningana fjóra ásamt bókunum þeirra, en í þeim felast grundvallarreglur alþjóðlegra mannúðarlaga á stríðstímum, reglur um meðferð stríðsfanga ofl. Til viðbótar skal nefnt að í 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (UDHR), 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (CCPR), 37 gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (CRC) og 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að enginn skuli sæta pyntingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ísland á aðild að öllum framangreindum samingum og Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi hér á landi.

VIÐAUKI

Samsettur listi um ferðir tiltekinna loftfara um íslenska lofthelgi

Vélar sem fara til og frá Reykjavík

Identity	Type	Dep	Brottför - land - borg		Dest	Áfangastaður - land - borg		Entry time	Exit time	Date
N6161Q	DH6	BGBW	Grænland	Narsasuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	17.10.2001 18:34	17.10.2001 22:20	17.10.2001
N6161Q	DH6	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGPF	U.K	Glasgow	18.10.2001 08:07	18.10.2001 10:45	18.10.2001
N8213G	C130	CYJT	Kanada	Stephenvill NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	22.1.2002 10:16	22.1.2002 11:53	22.1.2002
N8213G	C130	BIRK	Ísland	Reykjavík	EDDP	Þýskaland	Leipzig	22.1.2002 13:05	22.1.2002 14:31	22.1.2002
N58AS	BE20	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	16.2.2002 18:46	16.2.2002 19:36	16.2.2002
N58AS	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	17.2.2002 11:36	17.2.2002 13:55	17.2.2002
N6161Q	DHC6	EGPF	U.K	Glasgow	BIRK	Ísland	Reykjavík	23.2.2002 12:36	23.2.2002 15:05	23.2.2002
N6161Q	DHC6	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGBW	Grænland	Narsasuaq	24.2.2002 09:00	24.2.2002 12:55	24.2.2002
N168D	C295	EGPK	U.K	Prestwick	BIRK	Ísland	Reykjavík	24.3.2002 15:20	24.3.2002 16:33	24.3.2002
N168D	C295	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	25.3.2002 11:55	25.3.2002 14:04	25.3.2002
N8213G	C130	CYJT	Kanada	Stephenvill NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	24.4.2002 13:23	24.4.2002 14:21	24.4.2002
mótbókun vantar										
N505LL	DH8C	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	BIRK	Ísland	Reykjavík	6.5.2002 12:58	6.5.2002 14:36	6.5.2002
N505LL	DH8C	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGBW	Grænland	Narsasuaq	7.5.2002 10:47	7.5.2002 11:43	7.5.2002
N168D	C235	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	18.7.2002 16:25	18.7.2002 18:34	18.7.2002
mótbókun vantar										
N162EM	LJ35	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	21.7.2002 20:07	21.7.2002 20:37	21.7.2002
N162EM	LJ35	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGGW	U.K	London Luton	22.7.2002 08:21	22.7.2002 08:56	22.7.2002
N173S	B350	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	20.8.2002 14:46	20.8.2002 15:47	20.8.2002
N173S	B350	BIRK	Ísland	Reykjavík	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	21.8.2002 10:00	21.8.2002 11:15	21.8.2002
N4009L	B350	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	BIRK	Ísland	Reykjavík	28.8.2002 11:02	28.8.2002 12:06	28.8.2002
N4009L	B350	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	29.8.2002 07:51	29.8.2002 09:26	29.8.2002
N8213G	C130	KPSM	U.S.A	Portsmouth	BIRK	Ísland	Reykjavík	9.9.2002 13:54	9.9.2002 15:04	9.9.2002
N8213G	C130	BIRK	Ísland	Reykjavík	KPSM	U.S.A	Portsmouth	10.9.2002 12:26	10.9.2002 13:05	10.9.2002
N162EM	LJ35	EGAA	U.K	Belfast	BIRK	Ísland	Reykjavík	26.9.2002 18:02	26.9.2002 18:37	26.9.2002
N162EM	LJ35	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGSF	Grænland	Kangerluusaq	27.9.2002 09:32	27.9.2002 11:20	27.9.2002
N1016M	C208	BGBW	Grænland	Narsasuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	14.12.2002 15:00	14.12.2002 17:00	14.12.2002
mótbókun vantar										
mótbókun vantar										
N8213G	C130	BIRK	Ísland	Reykjavík	KPSM	U.S.A	Portsmouth	17.12.2002 20:50	17.12.2002 21:46	17.12.2002
N162EM	LJ35	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	27.12.2002 20:41	27.12.2002 21:25	27.12.2002
N162EM	LJ35	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGGW	U.K	London Luton	28.12.2002 07:51	28.12.2002 08:25	28.12.2002
N162EM	LJ35	EGGW	U.K	London Luton	BIRK	Ísland	Reykjavík	28.12.2002 13:40	28.12.2002 14:34	28.12.2002
N162EM	LJ35	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	28.12.2002 15:18	28.12.2002 16:15	28.12.2002
N4009L	B350	BGBW	Grænland	Narsasuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	17.1.2003 17:02	17.1.2003 18:06	17.1.2003
N4009L	B350	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGPK	U.K	Prestwick	18.1.2003 11:08	18.1.2003 11:47	18.1.2003
N6161Q	DHC6	BGBW	Grænland	Narsasuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	22.2.2003 15:17	22.2.2003 18:16	22.2.2003
mótbókun vantar										
N312ME	BE20	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	22.4.2003 15:52	22.4.2003 17:26	22.4.2003
N312ME	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	23.4.2003 08:08	23.4.2003 09:40	23.4.2003
N8213G	C130	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	BIRK	Ísland	Reykjavík	11.6.2003 12:38	11.6.2003 13:50	11.6.2003
N8213G	C130	BIRK	Ísland	Reykjavík	KPSM	U.S.A	Portsmouth	11.6.2003 16:01	11.6.2003 16:35	11.6.2003
N58AS	BE20	EINN	Írland	Shannon	BIRK	Ísland	Reykjavík	17.6.2003 20:09	17.6.2003 21:07	17.6.2003
N58AS	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGSF	Grænland	Kangerluusaq	18.6.2003 09:57	18.6.2003 12:54	18.6.2003
N5155A	BE20	BGBW	Grænland	Narsasuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	22.8.2003 17:56	22.8.2003 19:21	22.8.2003
N5155A	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGPC	U.K	Wick	23.8.2003 09:13	23.8.2003 10:45	23.8.2003
N4009L	B350	EGPF	U.K	Glasgow	BIRK	Ísland	Reykjavík	27.8.2003 13:47	27.8.2003 14:59	27.8.2003
N4009L	B350	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGBW	Grænland	Narsasuaq	28.8.2003 08:57	28.8.2003 10:19	28.8.2003
N5139A	BE20	BGSF	Grænland	Kangerluusaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	9.9.2003 18:15	9.9.2003 21:35	9.9.2003
N5139A	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGPC	U.K	Wick	10.9.2003 09:54	10.9.2003 11:13	10.9.2003
mótbókun vantar										
N58AS	BE20	BGBW	Grænland	Narsasuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	8.12.2003 16:00	8.12.2003 17:21	8.12.2003
N403VP	C208	EGPC	U.K	Wick	BIRK	Ísland	Reykjavík	18.12.2003 10:37	18.12.2003 14:01	18.12.2003
N403VP	C208	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGBW	Grænland	Narsasuaq	19.12.2003 10:34	19.12.2003 12:15	19.12.2003
N196D	CN35	EGPH	U.K	Edinborg	BIRK	Ísland	Reykjavík	16.1.2004 11:21	16.1.2004 13:35	16.1.2004
N196D	CN35	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	19.1.2004 10:55	19.1.2004 11:47	19.1.2004
mótbókun vantar										
N157A	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGBW	Grænland	Narsasuaq	2.4.2004 09:39	2.4.2004 10:25	2.4.2004
N157A	BE20	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	12.5.2004 14:47	12.5.2004 15:45	12.5.2004
mótbókun vantar										
N196D	CN35	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	12.5.2004 15:58	12.5.2004 17:04	12.5.2004
mótbókun vantar										
mótbókun vantar										
N505LL	DH8C	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	23.5.2004 10:13	23.5.2004 10:41	23.5.2004
N173S	B350	EGPK	U.K	Prestwick	BIRK	Ísland	Reykjavík	29.5.2004 12:45	29.5.2004 14:04	29.5.2004
N173S	B350	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	31.5.2004 09:27	31.5.2004 10:21	31.5.2004
mótbókun vantar										
N187D	CN35	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYJT	Kanada	Stephenville NFLD	22.6.2004 10:03	22.6.2004 10:58	22.6.2004
N4456A	BE20	BGBW	Grænland	Narsasuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	23.8.2004 14:50	23.8.2004 16:21	23.8.2004
mótbókun vantar										
N187D	CN35	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	25.8.2004 16:39	25.8.2004 17:54	25.8.2004
N187D	CN35	BIRK	Ísland	Reykjavík	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	26.8.2004 10:46	26.8.2004 12:48	26.8.2004
N168D	CN35	EGPC	U.K	Wick	BIRK	Ísland	Reykjavík	3.9.2004 09:48	3.9.2004 11:34	3.9.2004
N168D	CN35	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	3.9.2004 13:31	3.9.2004 14:14	3.9.2004
N219D	CN35	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	4.5.2005 16:38	4.5.2005 17:44	4.5.2005
mótbókun vantar										

N965BW	C212	EGPC	U.K	Wick	BIRK	Ísland	Reykjavík	14.5.2005 12:46	14.5.2005 15:05	14.5.2005
N965BW	C212	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGBW	Grænland	Narsarsuaq	15.5.2005 09:09	15.5.2005 10:19	15.5.2005
N312ME	BE20	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	22.7.2005 17:51	22.7.2005 19:00	22.7.2005
N312ME	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	EDDM	Þýskaland	Munchen	23.7.2005 09:54	23.7.2005 11:43	23.7.2005
N187D	CN35	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	23.7.2005 15:19	23.7.2005 16:40	23.7.2005
mótbökun vantar										
N6161Q	DHC6	EINN	Írland	Shannon	BIRK	Ísland	Reykjavík	8.8.2005 14:40	8.8.2005 16:27	8.8.2005
N6161Q	DHC6	BIRK	Ísland	Reykjavík	BGBW	Grænland	Narsarsuaq	9.8.2005 08:39	9.8.2005 10:13	9.8.2005
mótbökun vantar										
N157A	BE20	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	28.8.2005 10:34	28.8.2005 11:21	28.8.2005
N168D	CN35	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIRK	Ísland	Reykjavík	2.10.2005 16:45	2.10.2005 17:52	2.10.2005
N168D	CN35	BIRK	Ísland	Reykjavík	LHBP	Ungverjalanc	Budapest	3.10.2005 09:40	3.10.2005 11:35	3.10.2005
N196D	CN35	EGPC	U.K	Wick	BIRK	Ísland	Reykjavík	16.11.2005 11:47	16.11.2005 14:07	16.11.2005
N196D	CN35	BIRK	Ísland	Reykjavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	17.11.2005 08:31	17.11.2005 09:15	17.11.2005
N964BW	C212	BGBW	Grænland	Narsarsuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	31.5.2007 15:34	31.5.2007 18:20	31.5.2007
N964BW	C212	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGPK	U.K	Prestwick	2.6.2007 08:00	2.6.2007 11:05	2.6.2007
N965BW	C212	BGBW	Grænland	Narsarsuaq	BIRK	Ísland	Reykjavík	27.6.2007 19:12	27.6.2007 21:17	27.6.2007
N965BW	C212	BIRK	Ísland	Reykjavík	EGSC	U.K	Cambridge	28.6.2007 09:27	28.6.2007 11:28	28.6.2007

Vélar sem fara til og frá Keflavík

Identity	Type	Dep	Brottför - land - borg		Dest	Áfangastaður - land - borg		Entry time	Exit time	Date
N42HN	LJ35	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	23.9.2001 03:26	23.9.2001 03:26	23.9.2001
N42HN	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	LFPB	Frakkland	Paris	23.9.2001 04:14	23.9.2001 04:14	23.9.2001
N42HN	LJ35	LFPB	Frakkland	Paris	BIKF	Ísland	Keflavík	24.9.2001 08:50	24.9.2001 08:50	24.9.2001
N42HN	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	24.9.2001 09:34	24.9.2001 09:34	24.9.2001
N888DH	CL60	LEMG	Spánn	Malaga	BIKF	Ísland	Keflavík	29.9.2001 11:33	29.9.2001 12:18	29.9.2001
N888DH	CL60	BIKF	Ísland	Keflavík	CYOW	Kanada	Ottawa	30.9.2001 09:34	30.9.2001 11:12	30.9.2001
N5117H	GLF2	KOQU	U.S.A.	North Kingstown	BIKF	Ísland	Keflavík	2.10.2001 04:26	2.10.2001 04:26	2.10.2001
N5117H	GLF2	BIKF	Ísland	Keflavík	EKYT	Danmörk	Álaborg	2.10.2001 04:58	2.10.2001 04:58	2.10.2001
N157A	BE20	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	14.10.2001 17:15	14.10.2001 18:24	14.10.2001
N157A	BE20	BIKF	Ísland	Keflavík	EDDF	Þýskaland	Frankfurt	15.10.2001 09:02	15.10.2001 11:07	15.10.2001
N33NJ	LJ35	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	30.11.2001 21:41	30.11.2001 22:59	30.11.2001
N33NJ	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	EGKK	U.K	London Gatwick	1.12.2001 00:18	1.12.2001 01:05	1.12.2001
N33NJ	LJ35	EGKK	U.K	London Gatwick	BIKF	Ísland	Keflavík	2.12.2001 11:00	2.12.2001 11:58	2.12.2001
N33NJ	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	BGBW	Grænland	Narsarsuaq	2.12.2001 14:04	2.12.2001 15:22	2.12.2001
N404AC	GLF4	HECA	Egyptaland	Kairó	BIKF	Ísland	Keflavík	5.12.2001 11:33	5.12.2001 13:08	5.12.2001
N404AC	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	KIAH	U.S.A	Houston	5.12.2001 14:23	5.12.2001 16:05	5.12.2001
N315CR	AT43	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	21.12.2001 21:34	21.12.2001 23:26	21.12.2001
N315CR	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPK	U.K	Prestwick	22.12.2001 09:20	22.12.2001 10:37	22.12.2001
N212AZ	AT43	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	24.1.2002 18:17	24.1.2002 20:20	24.1.2002
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPK	U.K	Prestwick	26.1.2002 10:06	26.1.2002 11:31	26.1.2002
N221SG	LJ35	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	31.3.2002 11:48	31.3.2002 12:25	31.3.2002
N221SG	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	LFRB	Frakkland	Brest Guipavas	31.3.2002 13:36	31.3.2002 14:40	31.3.2002
N404AC	GLF4	HECA	Egyptaland	Kairó	BIKF	Ísland	Keflavík	16.4.2002 12:20	16.4.2002 12:59	16.4.2002
N404AC	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	KIAH	U.S.A	Houston	16.4.2002 14:11	16.4.2002 14:55	16.4.2002
N212AZ	AT43	EGPK	U.K	Prestwick	BIKF	Ísland	Keflavík	13.5.2002 09:09	13.5.2002 11:06	13.5.2002
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	13.5.2002 12:17	13.5.2002 13:02	13.5.2002
N33NJ	LJ35	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	17.5.2002 23:58	18.5.2002 00:48	17.5.2002
N33NJ	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	EINN	Írland	Shannon	18.5.2002 02:06	18.5.2002 02:47	18.5.2002
N33NJ	LJ35	EINN	Írland	Shannon	BIKF	Ísland	Keflavík	19.5.2002 13:58	19.5.2002 14:29	19.5.2002
N33NJ	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	19.5.2002 15:35	19.5.2002 16:24	19.5.2002
N221SG	LJ35	EGPF	U.K	Glasgow	BIKF	Ísland	Keflavík	20.5.2002 14:08	20.5.2002 14:46	20.5.2002
N221SG	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	CYQX	Kanada	Gander	21.5.2002 09:07	21.5.2002 09:49	21.5.2002
N470JF	AT43	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	28.6.2002 14:20	28.6.2002 15:25	28.6.2002
N470JF	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPK	U.K	Prestwick	28.6.2002 16:35	28.6.2002 16:35	28.6.2002
N315CR	AT42	EGPK	U.K	Prestwick	BIKF	Ísland	Keflavík	6.7.2002 12:00	6.7.2002 12:00	6.7.2002
N315CR	AT42	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	6.7.2002 12:30	6.7.2002 12:30	6.7.2002
N315CR	AT42	EGPK	U.K	Prestwick	BIKF	Ísland	Keflavík	7.7.2002 10:41	7.7.2002 10:41	7.7.2002
N315CR	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	7.7.2002 11:20	7.7.2002 12:33	7.7.2002
N33NJ	LJ35	CYQX	Kanada	Gander	BIKF	Ísland	Keflavík	26.7.2002 06:01	26.7.2002 06:44	26.7.2002
N33NJ	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	EGLL	U.K	London Heathrow	26.7.2002 07:38	26.7.2002 08:32	26.7.2002
N33NJ	LJ35	EGLL	U.K	London Heathrow	BIKF	Ísland	Keflavík	27.7.2002 17:11	27.7.2002 17:52	27.7.2002
N33NJ	LJ35	BIKF	Ísland	Keflavík	CYQX	Kanada	Gander	27.7.2002 18:58	27.7.2002 19:54	27.7.2002
N212AZ	AT43	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	8.8.2002 14:35	8.8.2002 15:39	8.8.2002
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	8.8.2002 15:50	8.8.2002 15:50	8.8.2002
N331P	GLF4	KLAS	U.S.A	Las Vegas	BIKF	Ísland	Keflavík	17.8.2002 00:41	17.8.2002 01:58	17.8.2002
N331P	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	OLBA	Líbanon	Beirút	17.8.2002 03:23	17.8.2002 04:45	17.8.2002
N331P	GLF4	OLBA	Líbanon	Beirút	BIKF	Ísland	Keflavík	18.8.2002 19:18	18.8.2002 20:00	18.8.2002
N331P	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	KLAS	U.S.A	Las Vegas	18.8.2002 21:28	18.8.2002 23:32	18.8.2002
N1HC	GLF5	KTEB	U.S.A	Teterboro NJ	BIKF	Ísland	Keflavík	25.8.2002 01:28	25.8.2002 01:59	25.8.2002
N1HC	GLF5	BIKF	Ísland	Keflavík	VABB	Indland	Mumbai	25.8.2002 03:20	25.8.2002 04:35	25.8.2002
N1HC	GLF5	VABB	Indland	Mumbai	BIKF	Ísland	Keflavík	26.8.2002 01:24	26.8.2002 02:33	26.8.2002
N1HC	GLF5	BIKF	Ísland	Keflavík	KTUL	U.S.A	Tusla	26.8.2002 03:19	26.8.2002 04:15	26.8.2002
N357PR	GLF3	LIBD	Ítalía	Belluno	BIKF	Ísland	Keflavík	30.8.2002 11:10	30.8.2002 12:04	30.8.2002
N357PR	GLF3	BIKF	Ísland	Keflavík	KBWI	U.S.A	Baltimore	30.8.2002 12:55	30.8.2002 14:26	30.8.2002
N512C	GLF4	KIAH	U.S.A	Houston	BIKF	Ísland	Keflavík	9.9.2002 20:24	9.9.2002 21:19	9.9.2002
N512C	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	ULLI	Rússland	Pétursborg	10.9.2002 09:02	10.9.2002 10:25	10.9.2002
N404AC	GLF4	HECA	Egyptaland	Kairó	BIKF	Ísland	Keflavík	25.9.2002 12:12	25.9.2002 12:45	25.9.2002

N404AC	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	KIAH	U.S.A	Houston	25.9.2002 13:50	25.9.2002 15:48	25.9.2002
N129QS	B737	LIRA	Italia	Rom	BIKF	Ísland	Keflavík	27.9.2002 14:10	27.9.2002 14:51	27.9.2002
N129QS	B737	BIKF	Ísland	Keflavík	KOAK	U.S.A	Oakland	27.9.2002 17:27	27.9.2002 19:46	27.9.2002
N331P	GLF4	LFPB	Frakkland	Paris	BIKF	Ísland	Keflavík	30.9.2002 13:10	30.9.2002 13:48	30.9.2002
N331P	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	KLAS	U.S.A	Las Vegas	30.9.2002 15:27	30.9.2002 17:31	30.9.2002
N212AZ	AT43	EHRD	Holland	Rotterdam	BIKF	Ísland	Keflavík	16.10.2002 17:35	16.10.2002 17:35	16.10.2002
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	17.10.2002 08:11	17.10.2002 09:31	17.10.2002
N212AZ	AT43	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	10.11.2002 16:44	10.11.2002 17:49	10.11.2002
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPK	U.K.	Prestwick	10.11.2002 18:40	10.11.2002 18:40	10.11.2002
N470JF	AT43	EHRD	Holland	Rotterdam	BIKF	Ísland	Keflavík	15.11.2002 16:07	15.11.2002 17:51	15.11.2002
N470JF	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	16.11.2002 09:54	16.11.2002 10:37	16.11.2002
N822US	MD82	CYFB	Kanada	Iqaluit, N.W.T	BIKF	Ísland	Keflavík	7.12.2002 15:19	7.12.2002 17:15	7.12.2002
N822US	MD82	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPF	U.K.	Glasgow	8.12.2002 06:04	8.12.2002 07:06	8.12.2002
N404AC	GLF4	HECA	Egyptaland	Kairó	BIKF	Ísland	Keflavík	11.12.2002 12:49	11.12.2002 13:29	11.12.2002
N404AC	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	KMSP	U.S.A	Minneapolis	11.12.2002 14:38	11.12.2002 16:29	11.12.2002
N470JF	AT43	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	15.12.2002 17:29	15.12.2002 18:24	15.12.2002
N470JF	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPK	U.K.	Prestwick	15.12.2002 19:40	15.12.2002 21:25	15.12.2002
N212AZ	AT43	EGPK	U.K.	Prestwick	BIKF	Ísland	Keflavík	21.12.2002 11:50	21.12.2002 13:05	21.12.2002
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	21.12.2002 14:09	21.12.2002 15:27	21.12.2002
N212AZ	AT43	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	17.1.2003 17:40	17.1.2003 18:40	17.1.2003
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPK	U.K.	Prestwick	17.1.2003 19:40	17.1.2003 19:40	17.1.2003
N404AC	GLF4	HECA	Egyptaland	Kairó	BIKF	Ísland	Keflavík	22.1.2003 23:25	23.1.2003 00:13	22.1.2003
N404AC	GLF4	BIKF	Ísland	Keflavík	KIAH	U.S.A	Houston	23.1.2003 01:22	23.1.2003 02:23	23.1.2003
N470JF	AT43	EGPK	U.K.	Prestwick	BIKF	Ísland	Keflavík	23.1.2003 11:16	23.1.2003 13:05	23.1.2003
N470JF	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	23.1.2003 14:36	23.1.2003 15:19	23.1.2003
N315CR	AT43	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	26.2.2003 18:08	26.2.2003 19:43	26.2.2003
N315CR	AT42	BIKF	Ísland	Keflavík	EHRD	Holland	Rotterdam	26.2.2003 09:04	26.2.2003 09:04	27.2.2003
N212AZ	AT43	EHRD	Holland	Rotterdam	BIKF	Ísland	Keflavík	7.3.2003 16:09	7.3.2003 17:20	7.3.2003
N212AZ	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	8.3.2003 09:17	8.3.2003 10:18	8.3.2003
N470JF	AT43	CYYT	Kanada	St.John's NFLD	BIKF	Ísland	Keflavík	28.3.2003 14:53	28.3.2003 15:40	28.3.2003
N470JF	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	EGPK	U.K.	Prestwick	28.3.2003 16:56	28.3.2003 18:33	28.3.2003
N315CR	AT43	EHRD	Holland	Rotterdam	BIKF	Ísland	Keflavík	3.4.2003 15:39	3.4.2003 15:39	3.4.2003
N315CR	AT43	BIKF	Ísland	Keflavík	CYYR	Kanada	Goose Bay NFLD	4.4.2003 11:23	4.4.2003 12:27	4.4.2003
